



Fundargerð

280. fundur atvinnu- og hafnarráðs Reykjanesbæjar
haldinn á skrifstofu Reykjaneshafnar að Víkurbraut 11
23. nóvember 2023, kl. 16:00

Viðstaddir: Hjörtur Magnús Guðbjartsson formaður, Alexander Ragnarsson, Kristján Jóhannsson, Sigurður Guðjónsson og Úlfar Guðmundsson.

Að auki sat fundinn Halldór Karl Hermannsson sviðsstjóri atvinnu- og hafnarviðs.

* * *

1. Fjárhagsáætlun ársins 2024 (2023080020)

Halldór Karl Hermannsson, sviðsstjóri atvinnu- og hafnarviðs, fór yfir drög að fjárhagsáætlun Reykjaneshafnar fyrir árið 2024 ásamt áætlun til næstu ára þar á eftir. Einnig fór hann yfir þær fjárfestingar sem fara þarf í á komandi árum.

Atvinnu- og hafnarráð samþykkir fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun ársins 2024 ásamt áætlun vegna árána 2025-2027.

2. Starfsáætlun ársins 2024 (202310335)

Farið var yfir stöðuna á vinnu við starfsáætlun atvinnu- og hafnarviðs fyrir árið 2024.

3. Atvinnustefna Reykjanesbæjar (2023020501)

Farið var yfir stöðuna á vinnu við atvinnustefnu Reykjanesbæjar.

4. Samráðsnefnd um þróun hafnarsvæða (2023010392)

Farið var yfir þau mál sem til umfjöllunar eru hjá samráðsnefnd um þróun hafnarsvæða.

5. Njarðvíkurhöfn - dýpkun hafnar (2023080391)

Útboð vegna dýpkunar Njarðvíkurhafnar fer í aulýsingu á útboðsvef Vegagerðarinnar og útboðsvef opinberra innkaupa á morgun, föstudaginn 24. nóvember. Tilboðum skal skila inn í síðasta lagi fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 9. janúar 2024.

Atvinnu- og hafnarráð lýsir yfir ánægju sinni með að fyrsti áfangi framkvæmdanna í Njarðvíkurhöfn sé að hefjast og telur að nú sé rétt að huga að næstu skrefum í þeirri uppbyggingu sem framundan er í Njarðvíkurhöfn. Þær framkvæmdir kalla m.a. á nýja aðkomu að hafnarsvæðinu sem og breytingu á legu yfirfallslagnar hreinsistöðvarinnar að Fitjum. Atvinnu- og hafnarráð felur sviðsstjóra að óska eftir fundi með fulltrúum umhverfis- og framkvæmdasviðs Reykjanesbæjar til að fara yfir þessi mál.

6. Hafnasamband Íslands (2023010394)

Fundargerðir 457. fundar og 458. fundar Hafnasambands Íslands frá 19.10.23 annars vegar og 17.11.23 hins vegar lagðar fram.

7. Breyting á reglugerð um útnefningu skipaafdrepa (2023110226)

Bréf innviðaráðuneytisins dags. 10.11.23 þar sem tilkynnt er um breytingu á reglugerð nr. 614/2014. Í breytingunni felst að Helguvíkurböfn er ekki lengur útnefnd skipaafdrepa innan hafnar.

Atvinnu- og hafnarráð lýsir ánægju sinni með viðkomandi breytingu sem hún telur löngu tímabæra.

8. Mælaborð atvinnu- og hafnarsviðs (2023050188)

Sviðsstjóri fór yfir mælaborð atvinnu- og hafnarsviðs.

9. Upplýsingagjöf sviðsstjóra (2023020513)

Sviðsstjóri fór yfir stöðu ýmissa mála er varða starfsemi sviðsins.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:30.